

Námsgrein: Danska

9. bekkur

Kennari: Áslaug Guðfinna Friðfinnsdóttir og Guðrún Sædís Harðardóttir

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir.

Námsefni: Tænk A og B les- og vinnubók valdar blaðsíður, Dejlige Danmark, A Grammatik. Valin verkefni verkefni frá kennara unnin á Google Classroom. Danskar myndir og þættir, efni af netinu og fleira. Ordbombe, spil og verkefni af netinu. Einnig kennsluvefurinn mms.is.

Kennsluaðferðir og skipulag: Leitast er við að hafa kennsluaðferðir sem fjölbreyttastar, þ.e. sjálfstæða vinnu nemenda, innlagnir frá kennara, umræður, hópavinnu, einstaklingsvinnu og framsögn. Unnið er samkvæmt aðferðum leiðsagnarmats sem þýðir að nemandinn fær með reglulegum og skipulegum hætti upplýsingar um hvernig hann er staddur í náminu. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að nemandi ber ábyrgð á sínu eigin námi. Áhersla er á að efla hæfni í dönsku; æfa lestur, talað mál, samskipti á dönsku og ritun.

Námsmat: Símat. Hlustunarverkefni. Orðaforðakannanir. Lesskilningverkefni. Ýmis verkefni frá kennurum. Virkni og þátttaka í tímum.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	að virkja læsi nemenda í gegnum áhugasvið þeirra. Einnig er áhersla á fjölbreyttar lestraraðferðir og að allur lestur er viðurkenndur.
Sjálfbærni	að kenna nemendum að nota viðeigandi hjálpargögn, orðabækur, villupúka og svo framvegis.
Heilbrigði og velferð	að byggja upp og auka sjálfstraust nemenda til í að koma fram og skila eigin verkum.
Lýðræði og mannréttindi	að vera með í ráðum þegar kemur að verkefnaskilum. Lögð er áhersla á að nemendur nýti styrkleika sína og þær leiðir sem henta hverju sinni.
Jafnrétti	að nemendur, út frá eigin forsendum, hafi jöfn tækifæri til náms og nálgunar viðfangsefna.
Sköpun	að hvetja nemendur til sköpunar í gegnum ritun, tjáningu og túlkun eigin verka og annarra.

Dönskukennsla í 8.-10. bekk í Borgarhólsskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í *Aðalnámskrá* á öðru og þriðja stigi. Við lok grunnskóla er gert ráð fyrir að nemendur hafi lokið 3. stigi í dönsku. Samkvæmt *Aðalnámskrá* skiptist danskan í eftirfarandi þætti: Hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni.

**Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.*

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Námsmat
Hlustun	Tænk, tónlist, þættir og kvikmyndir.	Nemandi getur: - skilið talað mál og frásagnir um efni tengt námi hans og daglegu lífi, brugðist við þeim og nýtt sér í námi sínu. - fylgt þræði í efni við hæfi á margvíslegum miðlum og nýtt í námi sínu. - hlustað eftir aðalatriðum, greint þau og nýtt sér í námi sínu.	Hlustunarverkefni og kannanir.
Lesskilningur	Tænk, textar frá kennara, fréttir og fleira.	Nemandi getur: - fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu. - skilið megininntak rauntexa og unnið úr efni þeirra. - lesið sér til gagns og ánægju einfaldar smásögur og skáldsögur og unnið með efni þeirra. - lesið og skilið auðlesið efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum. - lesið og skilið texta við hæfi sem innihalda algengan orðaforða.	Kannanir, glósur og lesskilningsverkefni.
Samskipti	Fjölbreytt verkefni þar sem að nemendur vinna saman auk verkefna sem krefjast þátttöku í tímum.	Nemandi getur: - tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf. - bjargað sér við algengar aðstæður og notað almennar kurteisis- og samskiptavenjur. - notað málið til samskipta í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.	Jafningjamat, hópavinna, sjálfsmat, símat. Virgni og þátttaka í tímum.
Frásögn	Verkefni um líkamann, matreiðsluþáttur og samtal við samnemanda og fleiri verkefni.	Nemandi getur: - tjáð sig um reynslu sína og skoðanir og brugðist við einföldum spurningum. - undirbúið og flutt frásögn eða kynningu og brugðist við einföldum spurningum. - flutt tilbúið eða frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra. - beitt málinu með nokkuð eðlilegum framburði og áherslum.	Kynningar, upptökur og samtalsverkefni.

Ritun	Tænk. Fjölbreytt verkefni þar sem nemendur nota orðaforða og fyrri reynslu til að skrifa mismunandi texta.	Nemandi getur: - skrifað texta af mismunandi gerðum með inntak og lesanda í huga. - beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta. - skrifað einfalda texta um það sem hann hefur lesið, séð eða heyrt. - lýst atburðarás eða reynslu með orðaforða sem unnið hefur verið með. - samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.	Ritunarverkefni, símat, glósur og fleira. Kannanir.
Menningarlæsi	Tænk, danskir fréttamiðlar, kvikmyndir og þættir. Fjölbreytt hlustun.	Nemandi getur: - sýnt að hann þekkir til ýmissa þátta sem einkenna menningu og daglegt líf. - sett sig í spor fólks á viðkomandi málsvæði og gert sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt með hans eigin aðstæðum. - sýnt að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.	Virkni í tímum, kannanir.